# Leiðbeiningar um LÍFRÆNA SÖFNUN

## Hvað má fara í tunnuna?

Ávextir og ávaxtahýði, grænmeti og grænmetishýði, egg, eggjaskurn, eldaðir kjöt- og fiskafgangar, mjöl, hrísgrjón og pasta, brauð, kökur, tepokar og kaffikorgur. Einnig mega notaðar servéttur og eldhúsbréf fara með í tunnuna.

## Hvað ekki?

Pappadiskar, drykkjarmál, fernur eða annað úr plasti eða pappa mega alls ekki fara með í þessa söfnun. Ekki bleyjur.

## Sérstakir pokar!

Það sem safnast fer í jarðgerð. Gott er að safna efninu í sérstaka poka sem jarðgerast með efninu. Þessir pokar eru úr pappír eða lífrænni sterkju og fást hjá Terru hf. Athugið að binda vel fyrir pokana áður en þú setur þá í söfnunartunnuna.

**Venjulega plastpoka má alls ekki nota.**

## Hvaða ílát?



8 ltr.

**Fyrir heimili og litlar kaffistofur:**
8 lítra fötur sem lofta hæfilega og auðvelt er að skipta um poka í.



40 ltr.

**Fyrir mötuneyti og veitingastaði:**
40 lítra ílát á hjólum.



120/240 ltr.

**Utanhúss:**
120 lítra til 500 lítra ílát sem starfsmenn Terru losa í sérútbúnar söfnunarbifreiðar.

**Spurningar?**
**Svörin er hægt að fá í síma 535 2500.**

terra

**Berghellu 1 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2500 • terra@terra.is • www.terra.is**